

**Nd.**

**719. Frumvarp til laga**

[431. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja jörðina Hamar í Glæsibæjarhreppi í Eyjafjarðarsýslu.

Frá landbúnaðarnefnd.

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að selja Árna Hermannssyni, Bægisá I, Baldri Þorsteinssyni, Bægisá II, og Guðmundi Víkingssyni, Garðshorni, eyðijörðina Hamar í Glæsibæjarhreppi í Eyjafjarðarsýslu. Við sölu skal fylgt ákvæðum 3.—5. mgr. 38. gr. jarðalaga, nr. 65 frá 31. maí 1976, sbr. l. nr. 90 frá 30. maí 1984.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

**Greinargerð.**

Frumvarp þetta er flutt að beiðni Árna Hermannssonar á Bægisá I, Baldurs Þorsteinssonar á Bægisá II og Guðmundar Víkingssonar í Garðshorni, allir bændur í Glæsibæjarhreppi í Eyjafjarðarsýslu.

Jörðin Hamar hefur verið í eyði um árabíl og engin mannvirki, utan gamalt íbúðarhús, eru á jörðinni. Jarðirnar Bægisá I og II og Garðshorn eru mjög landlitlar og fyrirhugað er að leggja nýjan veg í gegnum lönd þeirra Bægisábænda sem mun skerða verulega ræktunarlönd þeirra og er ætlan kaupendanna, ef frumvarp þetta verður samþykkt, að skipta landi Hamars að jöfnu á milli sín. Hreppsnefnd Glæsibæjarhrepps, jarðanefnd Eyjafjarðarsýslu og Ævarr Hjartarson, ráðunautur Búnaðarsambands Eyfirðinga, hafa mælt með því að Hamar verði seldur í samræmi við óskir þessara bænda.

**Fylgiskjal I.**

Ytri-Bægisá, 12. apríl 1985.

Landbúnaðarnefnd neðri deildar,  
Stefán Valgeirsson.

Við undirritaðir förum þess á leit við landbúnaðarnefnd neðri deildar Alþingis að hún flytji frumvarp um sölu jarðarinnar Hamars í Glæsibæjarhreppi í Eyjafjarðarsýslu.

Fyrir hendi eiga að vera í landbúnaðarráðuneytinu tilskilin skjöl varðandi sölu.

Virðingarfyllst,

Árni Hermannsson (sign.),  
Baldur Þorsteinsson (sign.),  
Guðmundur Víkingsson (sign.).

## Fylgiskjal II.

Ytri-Bægisá I, 23. jan. 1985.

Jarðeignadeild landbúnaðarráðuneytisins,  
Arnarhvoli,  
Reykjavík.

Við undirritaðir, ábúendur jarðanna Ytri-Bægisár I og II og Garðshorns á Pelamörk í Glæsibæjarhreppi, förum þess á leit við jarðeignadeild ríkisins að fá eyðijörðina Hamar á Pelamörk keypta, með þeim mannvirkjum sem þar eru, með það fyrir augum að henni verði skipt á milli þessara þriggja jarða.

Er það ætlun okkar að Hamar verði ekki metin sem sjálfstæð jörð eftir skiptin heldur falli undir mat hinna jarðanna hvernar fyrir sig.

Virðingarfyllst,  
Árni Hermannsson (sign.),  
Baldur Þorsteinsson (sign.),  
Guðmundur Víkingsson (sign.).

## Fylgiskjal III.

### **Umsögn Búnaðarsambands Eyjafjarðar.**

Jarðeignadeild, landbúnaðarráðuneytinu.

Akureyri, 23. jan. 1985.

Málefni: Jörðin Hamar í Glæsibæjarhreppi.

Sem kunnugt er hafa ábúendur jarðanna Ytri-Bægisár I og II og Garðshorns leitað eftir því að fá þessa jörð keypta með það fyrir augum að skipta henni í þrjá hluta og leggja til framangreindra jarða. Umræddar jarðir eru landlitlar og tvær að mestu komnar í þrot með ræktunarland.

Jörðin Hamar er algjörlega húsalaus en hefur nokkurt land og allgott til ræktunar. Land jarðarinnar liggur að löndum þessara þriggja jarða þannig að nýting þess og uppskipti eru mjög auðveld í því tilliti.

Ég fæ ekki séð að ástæða sé til að byggja þessa jörð sem slíka heldur tel ég að réttara sé að tryggja búsetu og búskap aðliggjandi jarða þar sem uppbygging hefur farið fram.

Umræddar jarðir hafa nýtt þessa jörð nú undanfarin ár bæði til beitar og slægna.

Ég mæli því eindregið með að ráðstöfun þessi nái fram að ganga.

Ævarr Hjartarson (sign.).

**Fylgiskjal IV.**

**Umsögn jarðanefndar Eyjafjarðarsýslu.**

Landbúnaðarráðuneytið,  
Arnarhvoli,  
Reykjavík.

Hlöðum, 11. febr. 1985.

Á fundi jarðanefndar Eyjafjarðarsýslu hinn 9. febr. 1985 var gerð eftirfarandi bókun:  
Bréf dags. 19. jan. 1985 þar sem ábúendur Ytri-Bægisár I og II og Garðshorns á Pelamörk óska eftir meðmælum jarðanefndar vegna fyrirhugaðra kaupa á eyðijörðinni Hamri í Glæsibæjarhreppi sem er ríkisjörð.

Jarðanefnd gerir engar athugasemdir við umsókn þeirra þremenninga og samþykkir fyrir sitt leyti að eyðijörðin Hamar verði seld þeim.

Stefán Halldórsson (sign.).

**Fylgiskjal V.**

**Umsögn oddvita Glæsibæjarhrepps.**

Sílastöðum, 16. jan. 1985.

Árni Hermannsson, Ytri-Bægisá I,  
Guðmundur Víkingsson, Garðshorni, Pelamörk,  
Baldur Þorsteinsson, Ytri-Bægisá II.

Á fundi hreppsnefndar Glæsibæjarhrepps 11. jan. 1985 var tekið fyrir bréf ykkar dags. 11. jan. 1985 þar sem þið óskið eftir því að hreppsnefnd Glæsibæjarhrepps mæli með því að jarðeignadeild ríkisins selji ykkur eyðibýlið Hamar í Glæsibæjarhreppi. Jafnframt að hreppurinn afsali sér forkaupsrétti sínum til ykkar.

Erindið var samþykkt.

Greinargerð: Ábúendur Ytri-Bægisár I og Garðshorns hafa nýtt jörðina síðan hún fór úr ábúð og búrekstur þeirra því að hluta grundvallaður á nytjum hennar. Ytri-Bægisá II er fremur landlítill jörð sem yrði stórum byggilegri fengi hún viðbótarland. Mundi slík ráðstöfun stuðla mjög að farsælli búsetu á jörðinni.

Virðingarfyllt,  
Eiríkur Sigfússon oddviti, (sign.).